

## Kæru foreldrar/forráðamenn

Nú nálgast lokapróf haustannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum í MH. Það eru ritgerðaskil, kaflapróf og ýmis verkefni sem þarf að ljúka fyrir annarlok. Þann 2. desember er fyrsti prófdagur. Við viljum hvetja ykkur til að sýna námi unglínganna ykkar áhuga og aðstoða þau eins og kostur er í náminu. Margar rannsóknir sýna að stuðningur og hvatning foreldra hefur mikið að segja um frammistöðu nemenda í námi. Hjálpið þeim þar sem þörf er á, hvetjið þau til að læra og setja námið í fyrsta sæti og síðast en ekki síst gleymið ekki mikilvægi hollrar næringar og góðs nætursvefns.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði á próftíma og reynt er að bregðast við því. Í MH er m.a. hægt að biðja um að fá að taka próf í kennslustofu frekar en á sal og lesblindir geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá. Þetta stendur nemendum til boða sem eiga greiningar af einhverjum toga, hafa vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eru í sambandi við náms- og starfsráðgjafa MH.

Athugið að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma, aðeins lituð blöð, upplestur eða kennslustofu (12 saman í kennslustofu í staðinn fyrir að vera á sal).

Sækja þarf um sérúrræði hjá náms- og starfsráðgjöfum fyrir 15. nóvember 2019. Þeir ganga frá umsókn um sérúrræði.

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms- og starfsráðgjafa MH.

Kv. Fríður, Sigga Birna og Ásdís,

náms- og starfsráðgjafar MH.